



Alþingi

Erindi nr. Þ 120 / 1771

komudagur 29 / 4 1996

Sam 138/1996 PS/IH

Reykjavík 29. apríl 1996

**Umsögn um frumvarp til
laga um fjármagnstekjuskatt, 421. mál
og staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts, 422. mál**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, þann 26. apríl sl. var tekið fyrir bréf frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, dags. 19. apríl 1996, þar sem óskað er eftir umsögn sambandsins um frumvarp til laga um tekju- og eignarskatt, 421. mál, fjármagnstekjur og um frumvarp til laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, 422. mál.

Stjórnin vísar til bréfs formanns og framkvæmdastjóra sambandsins dags. 15. apríl 1996 og útreikninga á áhrifum frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaganna dags. 26. apríl sl. sem fylgja hér með.

Stjórnin ítrekar mótmæli vegna áhrifa frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaganna og mun aldrei sætta sig við að setning laga um fjármagnstekjuskatt leiði til verri fjárhagslegrar afkomu sveitarfélaganna í landinu.

Virðingarfyllst,

Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri

**Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
hr. Guðjón Rúnarsson, nefndarritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK**



Sam 129/96 ÞS/SIS

Reykjavík, 15. apríl 1996

**Áhrif stjórnarfrumvarps um fjármagnstekjuskatt
á fjárhag sveitarfélaganna**

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur kynnt sér frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, þ.e. um skattskyldu fjármagnstekna, sem lagt hefur verið fram af ríkisstjórninni og er nú til umfjöllunar á Alþingi.

Samkv. frumvarpinu er gert ráð fyrir að skattlagning fjármagnstekna skili ríkissjóði um einum milljarði kr. í tekjur á ári hverju. Á hinn bóginn myndu sveitarfélögin tapa árlega um 208 mkr. verði frumvarpið samþykkt óbreytt. Annars vegar er um að ræða 133 mkr. árlegt tekjutap vegna lækkunar útsvarsstofns ef skattskyldar arðgreiðslur söluhagnaður og húsaleigutekjur verða fluttar úr þeim stofni og hins vegar árlegan útgjaldaauka 75 mkr. ef vaxtatekjur sveitarfélaganna verða skattskyldar eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Þessi niðurstaða kemur sambandinu algjörlega í opna skjöldu og er henni hér með harðlega mótmælt og þess krafist að sveitarfélögin í landinu verði ekki fyrir fjárhagstjóni vegna setningar laga um fjármagnstekjuskatt.

Sambandið hefur að undanförmu átt fjölmarga samningafundi með fulltrúum ríkisstjórnarinnar vegna breytinga á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga vegna yfirfærslu grunnskólaverkefna frá ríki til sveitarfélaga. Á þeim fundum var aldrei einu orði á það minnst að fyrirhuguð upptaka fjármagnstekjuskatts myndi leiða til tekjutaps og aukinna útgjalda fyrir sveitarfélögin. Þvert á móti var lögð gríðarleg vinna í að reikna sem nákvæmast aukinn kostnað sveitarfélaganna vegna yfirtöku grunnskólaverkefnanna og breytinga á grunnskólalögum og hvernig sveitarfélögunum yrði bættur sá kostnaður með nákvæmri tekjutilfærslu frá ríki til sveitarfélaga þannig að báðir aðilar yrðu fjárhagslega jafnsettir eftir breytinguna.

Sambandið stóð í þeirri trú að báðir aðilar ynnu af fullum heilindum að samningagerðinni. Á sama tíma var af hálfu fjármálaráðuneytisins unnið að frumvarpinu um fjármagnstekjuskattinn og fulltrúar sveitarfélaganna voru ekki upplýstir um að það leiddi til stórfellds fjárhagstjóns fyrir sveitarfélögin. Sambandið átelur slík vinnubrögð mjög harðlega.

Þann 4. mars sl. var undirritað samkomulag ríkis og sveitarfélaga um kostnaðar- og tekjutilfærslu frá ríki til sveitarfélaga vegna flutnings grunnskólans. Ef frumvarpið um fjármagnstekjuskattinn verður lögfest án

breytinga bresta þær forsendur sem gengið var út frá við gerð samkomulagsins, sem byggjast á áætluðum álagningarstofni útsvars án þeirrar skerðingar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.


Í samkomulaginu er m.a. ákvæði um að ríkissjóður greiði sveitarfélögunum næstu 5 ár 265 mkr. á ári vegna grunnskólaframkvæmda til að greiða fyrir því að þau geti fullnægt ákvæðum grunnskólalaga um einsetningu skólanna. Öll sú fjárhæð er hirt til baka verði frumvarpið um fjármagnstekjuskattinn samþykkt.


Með framlagningu frumvarpsins um fjármagnstekjuskattinn er ríkisstjórnin að koma aftan að sveitarfélögunum í kjölfar vandasamra og viðkvæmra samninga vegna yrirfærslu grunnskólans. Afleiðingar þess eru jafnframt mjög alvarlegar fyrir fjárhagsstöðu sveitarfélaganna eins og hún er nú um þessar mundir þegar þau eru að taka við stórauðnum verkefnum.

Vegna hækkunar tryggingargjalds og skattfrelsis lífeyrisiðgjalda verða sveitarfélögin fyrir tæplega 700 mkr. árlegu fjárhagstjóni. Enn á ný er fyrirhöguð skerðing á útsvarsstofninum, samkv. framlögðu frumvarpi, án þess að leita álits sambandsins. Slík málsmeðferð er ótvírætt brot á 8. gr. Samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga frá 7. apríl 1995. Þessi vinnubrögð eru gjörsamlega óþolandi og til þess eins fallin að kveikja nýtt ófriðarbál milli ríkis og sveitarfélaga.

Til að koma í veg fyrir alvarlegan ágreining ríkis og sveitarfélaga vegna þessa máls er hér með óskað eftir að sem allra fyrst verði hafnar viðræður fulltrúa ríkisstjórnarinnar og sambandsins um margnefnt frumvarp um fjármagnstekjuskatt með það að markmiði að sveitarfélögin verði ekki fyrir neinum fjárhagslegum áföllum í tengslum við setningu laga um skattlagningu fjármagnstekna.

Virðingarfyllst.


Vilhjálmur P. Vilhjálmsson
-formaður-


Þorður Skúlason
-framkvæmdastjóri-

Samrit:
Forsætisráðherra.
Fjármálaráðherra.
Menntamálaráðherra.

Félagsmálaráðherra
hr. Páll Pétursson,
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu,
Reykjavík

**Útreiknuð áhrif
frumvarps um fjármagnstekjuskatt
á sveitarfélög.**

Lækkun útsvarsstofns

Arður á skattframtölum v. 1994	800 m.kr.
Par af undir frítekjumörkum	400 m.kr.
Skattskyldur arður	400 m.kr.
Söluhagnaður einstaklinga	300 m.kr.
Framtalin húsaleiga til skatts	460 m.kr.
Samtals lækkun útsvarsstofns	1160 m.kr.

Áætluð meðaltals útsvarsprósenta 1997 11,49% (8,79%+2,70%)

Áætlað tekjutap sveitarfélaga v. útsvars 133,3 m.kr.

Skattlagning vaxtatekna

Vaxtatekjur sveitarfélaga m.v. forsendur er fram koma í athugasemdum við frumvarpið og nefndaráliti er því fylgir eru : 750 m.kr.

10% fjármagnstekjuskattur : 75 m.kr.

Ath. Aðrar fjármagnstekjur

Í athugasemdum við frumvarpið og nefndaráliti er því fylgir kemur fram að reiknað sé með því að stofn til álagningar fjármagnstekjuskatts á sveitarfélög sé um það bil 750 m.kr. Samkvæmt því er ekki gert ráð fyrir að aðrar fjármagnstekjur sveitarfélaga verði skattskyldar.

Ákvæði 10. gr. frumvarpsins virðist þó ganga út á skattlagningu annarra fjármagnstekna sveitarfélaga svo sem lóðarleigu, húsaleigutekna, söluhagnaðar hlutabréfa og annarra eigna, arðs af hlutabréfum og ofl.

Áætla má að ofangreindar tekjur sveitarfélaga árið 1994 hafi verið á bilinu 1.200 - 1.500 m.kr. Ekki eru þá meðtaldar tekjur sveitarfélaga af fyrirtækjum þeirra eins og hitaveitum, vatnsveitum og ofl. enda gert ráð fyrir að þær verði ekki skattskyldar nema þau verði rekin í hlutafélagaformi.

10% skattur á þessar tekjur þýðir því **120 - 150 millj.kr.** álagningu á sveitarfélög.

Samtals gæti því hér verið um 328 - 358 m.kr. árlegt fjárhagstjón fyrir sveitarfélög að ræða.